

2013

Ársskýrsla



Minjasafn Austurlands

12/31/2013

Minjasafn Austurlands  
Ársskýrsla 2013

© Minjasafn Austurlands  
Öll réttindi áskilin  
Mynd á forsíðu: Útskurður; Ríkarður Jónsson. Mynd UBK  
Útgefandi: Minjasafn Austurlands  
Ritsjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Unnur Birna Karlsdóttir  
ISSN 1670-8059  
Egilsstaðir 2013

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Opnunartími .....	3
Starfsfólk .....	3
Húsnæðismál .....	3
Framkvæmdir og viðhald: .....	3
Öryggismál og eldvarnir: .....	3
Viðhalds- og framkvæmdaáætlanir: .....	4
Geymslumál .....	4
Eignarhald Safnahúss til Fljótsdalshéraðs .....	4
Rekstur og fjármál .....	4
Styrkumsóknir og styrkveitingar .....	4
Ýmis málefni Minjasafnsins .....	5
Umsókn til Safnaráðs um viðurkenningu .....	5
Úttektir, kröfur og vottanir .....	5
Starfsleyfi fengið frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands .....	5
Úttekt eldvarnaeftirlits .....	5
Tækja- og skrifstofubúnaður .....	5
Skráningarmál – Sarpur .....	6
Sýningar .....	6
Grunnsýning .....	6
Sérsýningar .....	6
Útskurður á Austurlandi .....	6
Tröllasögur í Safnahúsi .....	7
Menningararf Austurlands heim í hérað? .....	7
Samstarf .....	7
Ráðstefnur, námskeið og fundir .....	7
Erlent samstarf og fundir .....	8
Snorraverkefnið .....	8
Stjórnarþátttaka .....	8
Samstarfsverkefni .....	8
Ljósmyndasafn Austurlands .....	8
Ljóðabærinn Egilsstaðir .....	8
Samningar .....	9
Gestafjöldi og heimsóknir .....	9
Stjórnarfundir .....	9
Afhendingar .....	10
Bókakaup og bókaþjóf til safnsins .....	10

## Inngangur

Árið 2013 í starfi Minjasafnsins einkenndist af þeim áherslum sem fyrir lágu; vinnu að endurbótum á húsnæði safnsins, bættri skráningu safnskots og ljósmyndun muna og vinnu við að mæta kröfum nýrra safnalaga til safna í landinu.

## Opnunartími

Yfir vetrartímann til vors 2013 var safnið opið samkvæmt samkomulagi, fyrir gesti og gangandi og skólahópa. Sumaropnun var virka daga kl. 13-17 og laugardaga kl. 10-16 frá 1. júní til 31. ágúst.

## Starfsfólk

Við safnið eru tvö stöðugildi sem skiptast þannig að Unnur B. Karlsdóttir safnstjóri er í 100% starfi og tveir safnverðir í 50% starfi. Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Safnverðirnir Edda Björnsdóttir og Beata Fabian gegna hvor um sig 50% starfi safnvarðar og Beata gegnir auk þess 40% starfi við ræstingar í Safnahúsi.

Þorgerður Guðmundsdóttir var ráðin sumarstarfsmaður í 50% starf í afgreiðslu safnsins frá júníbyrjun til ágústloka. Þorgerður var ráðin nánast daginn áður en hún byrjaði því manneskjan sem hafði ráðið sig til safnsins þurfti að draga sig til baka með engum fyrirvara rétt í því að komið var að því að hún hæfi störf á safninu. Það þurfti því að bregðast við óvæntri stöðu en leystist farsælega með ráðningu Þorgerðar.

## Húsnæðismál

Hitinn og þunginn af málefnum Safnahússins voru á höndum safnstjóra Minjasafnsins á árinu 2013. Safnstjóri Minjasafnsins beitti sér fyrir viðgerðum á vatnsleka inn í húsið og aðgerðum í því augnamiði að bæta öryggismál safnsins og aðstæður starfsfólks. Viðhald í húsinu var unnið í samstarfi við forstöðumenn hinna safnanna í húsinu og framkvæmda- og þjónustufulltrúa Fljótsdalshéraðs.

## Framkvæmdir og viðhald:

- Settar svalir á tengibyggingu, vesturhlið, skv. teikningu.
- Gert var við leka inn í húsið á austurhlið, lekið þar inn árum saman inn í tengibyggingu, tæknirými og skjalageymslu Héraðsskjalasafns
- Lokað var með loftstokkum loftræstikerfis á milli brunahólfa, skv. kröfu eldvarnareftirlits, milli tæknirýmis og munageymslu, hreinsaður burt svartur myglusveppur, allt timbur hreinsað burt og stál og eldvarnarull sett, skv. þar tilsettum reglum eldvarnareftirlits um svona aðstæður.

## Öryggismál og eldvarnir:

- Út- og neyðarljós yfirfarin af rafvirkja, gömlum og gölluðum skipt út fyrir ný, og rangar staðsetningar á ljósum leiðréttar þar sem þurfti.
- Gerður þjónustusamningur við rafverktaka um eftirlit með brunaviðvörðunarkerfi, handslökkvibúnaði, út- og neyðarljósum og öryggiskerfi.
- Sett öryggistenging á milli brunaviðvörðunarkerfis og loftræstikerfis, svo hið fyrrnefnda slái hið síðarnefnda út við boð, þ.e. svo að slokkni á loftræstikerfinu ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang.

### Viðhalds- og framkvæmdaáætlanir:

- Gerð fjárfestinga- og viðhaldsáætlun fyrir Safnahús til næstu ára og lögð fyrir sveitarfélögin, vegna þá yfirstandandi umræðu um breytingu á eignarhaldi hússins.
- Safnstjóri Minjasafnsins tók saman nokkuð ítarlega greinargerð um aðdraganda, feril og framvindu framkvæmda og viðhalds við Safnahúsið á árinu og sendi á stjórnir safnanna í húsinu og oddvita sveitarfélaganna sem standa að Minjasafninu. Markmiðið með greinargerðinni var að varpa ljósi á alla framvindu mála á árinu og leggja fram rökstyðjandi gögn til stuðnings áframhaldandi baráttu fyrir endurbætur á Safnahúsi.

### Geymslumál

Geymsluhúsnæði Minjasafnsins er löngu sprungið og fyrirsjáanlegt að á árinu 2014 þarf að leita leiða til að bæta úr því.

### Eignarhald Safnahúss til Fljótsdalshéraðs

Á árinu 2013 var unnið að kaupum Fljótsdalshéraðs á Safnahúsinu, og fór afhending hins selda fram 31. desember 2013. Umsamið kaupverð fyrir hlut Minjasafnsins í húsinu greiðist með endurgjaldslausum afnotum safnsins (sem seljanda), af eigninni til 12 ára, frá og með 1. janúar 2014.

### Rekstur og fjármál

Safninu var þröngt sniðinn stakkurinn á árinu og safnstjóri leitaði ýmissa leiða til hagræðingar og sparnaðar sem hafði óhjákvæmilega í för með sér að umsvifum safnsins var haldið í lágmarki á árinu. Það spillti nokkuð sparnaðaráætlunum að ófyrirséð og há útgjöld urðu vegna bilana í loftræsti- og rakakerfi.

Rekstrarniðurstaða ársins 2013 var, skv. ársreikningi, jákvæð á árinu 2013 að fjárhæð 6,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 138,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Í árslok 2013 keypti sveitarfélagið Fljótsdalshérað eignarhlut Minjasafnsins í Safnahúsinu á Egilsstöðum á 143,9 millj. kr. Samhliða undirritun kaupsamnings var undirritaður samningur um afnot eignarinnar til næstu tólf ára, viðhalds- og endurbótaáætlun og skilmálar leigu eftir lok afnotatíma.

### Styrkumsóknir og styrkveitingar

Styrkir veittir á árinu 2013:

- Safnasjóður styrkti rekstur Minjasafnsins um 1 millj. og veitti 1,5 millj. krónu styrk til ljósmyndunar og stafrænnar miðlunar safnkosts Minjasafnsins.
- Menningarráð Austurlands úthlutaði 400.000 kr. til Minjasafns Austurlands vegna fyrirhugaðrar sýningar um sambúð manna og hreindýra á Austurlandi sem unnið verður áfram að á árinu 2014.
- Vinir Vatnajökuls veittu Minjasafninu styrk að upphæð 6 millj. kr. vegna fyrirhugaðrar sýningar um sambúð manna og hreindýra á Austurlandi sem unnið verður áfram að á árinu

2014. Styrkurinn kemur til greiðslu á árinu 2014, helmingur fyrirfram og helmingur að loknu verki.

## Ýmis málefni Minjasafnsins

### Umsókn til Safnaráðs um viðurkenningu

Safnstjóri setti saman umsókn til safnaráðs og stóð sú vinna frá lokum septembermánaðar, eða frá og með að Safnaráð auglýsti skilmála um efni og framsetningu umsóknar og fylgigögn. Vinna að gerð umsóknar og fylgigagna stóð til nóvemberloka, en umsóknarfrestur rann út í byrjun desember.

Safnstjóri samdi og tók saman eftirtalin fylgigögn vegna umsóknar:

- Öryggishandbók Minjasafnsins og neyðaráætlun.
- Gildandi stefnumörkun fyrir Minjasafn Austurlands:
  - Hlutverk, (líka birt á heimasíðu).
  - Söfnunarstefna, (líka birt á heimasíðu).
  - Sýningarstefna (líka birt á heimasíðu).
  - Starfsstefna til fjögurra ára, (sjá á heimasíðu <http://www.minjasafn.is/index.php/opnunartimar/stefna-safnsins>)

## Úttektir, kröfur og vottanir

### Starfsleyfi fengið frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands

- Minjasafnið sóttist eftir að fá starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, vegna umsóknar safnsins til Safnaráðs um viðurkenningu, en umsókn gerði kröfu um að slíkt leyfi væri fyrir hendi. Leyfið fékkst að lokinni skoðun í húsinu og farið var að ábendingum Heilbrigðiseftirlits um að láta laga þau atriði sem á vantaði að væru í lagi varðandi aðstöðu og aðgengi fyrir gesti og öryggismál. Þau atriði hafa verið löguð í húsinu, en þau sneru að því að setja handfestur á salerni og lokaðar ruslafötur á hvert salerni, og hafa ræstikompur ávallt læstar, upp á slyshættu af ræstiefnum.

### Úttekt eldvarnaeftirlits

- Brunavarnir Austurlands gerðu eldvarnarúttekt í Safnahúsinu, að beiðni safnstjóra Minjasafns vegna umsóknar safnsins til Safnaráðs um viðurkenningu, en umsókn gerði kröfu um að niðurstaða slíkrar úttektar fylgdi umsókn. Eldvarnaeftirlit kom tvisvar, í fyrra skiptið voru gerðar alvarlegar athugasemdir við ákveðin atriði í húsinu en safnið lét gera úrbætur og niðurstaða seinni úttektarinnar var að það dugði til að engar stórvægilegar athugasemdir eru gerðar lengur við eldvarnarmál í húsinu.

## Tækja- og skrifstofubúnaður

Vinnuaðstaða starfsfólks og skrifstofubúnaður safnsins þarfnast umbóta og endurnýjunar. Keyptir voru á hagstæðu verði tveir góðir skrifstofustólar fyrir safnverði safnsins, en safnstjóri ákvað að nota þann gamla áfram uns peningur væri til að kaupa þriðja stólinn. Tæki og tölvukostur og skrifstofuáhöld voru endurnýjuð eins og þröngur fjárhagur leyfði. Í þágu gæða safnvörslunnar var keyptur stafrænn hita- og rakamælir til að mæla hita- og rakastig í sýningarsal og munageymslu allan ársins hring og er þeirrar

gerðar að birta feril mælinganna svo hægt safnið geti safnað gögnum sem veita yfirlit yfir ástand í þeim hluta hússins sem varðveitir safnkostinn.

Vinna þarf að því áfram næstu árin að bæta og endurnýja tækjakost safnsins og bæta vinnuástöðu starfsfólks.

## Skráningarmál – Sarpur

Skráðir munir í munaskrá Minjasafnsins í gagnagrunninum Sarpi voru í árslok 2013 orðnir rúmlega 10.600. Verið er að prófarkalesa færslur eins og tími gefst til og birta í Sarpi á vefnum. Mikið verk hefur verið unnið á s.l. tveimur árum af núverandi safnvörðum við að lagfæra skráningu og bæta inn í eyðurnar í eldri skráningu.

Safnstjóri setti saman nokkrar ábendingar um frágang og skráningu í Sarp til leiðbeiningar safnvörðum safnsins við að uppfylla þær kröfur sem gera þarf til skráningar í Sarp með birtingu upplýsinga á vefinn í huga, sjá nánar á heimasíðu safnsins; <http://minjasafn.is/index.php/opnunartimar/sarpur-leidhbeiningar>.

## Sýningar

### Grunnsýning

Sýningin Sveitin og þorpið var opnuð á vordögum 2006. Hönnuður var Björn G. Björnsson hjá List og sögu, sýningarstjóri var Elfa Hlín Pétursdóttir þáverandi safnstjóri Minjasafnsins. Fyrri hluti sýningarinnar lýsir mannlífi í sveitum á fyrri tíð, þegar hver sveitabær var sjálfstæð eining, þar sem nær allt sem heimilið þarfnadist var unnið og útbúið. Á hverju heimili voru framleidd og unnin matvæli, föt voru saumuð, fólk ræktaði landið, það hirti búpening sinn og hlaut þar sína fyrstu menntun. Síðari hlutinn greinir frá þeirri breytingu sem varð þegar þéttbýli tók að myndast við brúna yfir Lagarfljót og Egilsstaðir urðu til. Því fylgdi ýmis nýbreytni, þar á meðal aukin þjónusta og meiri sérhæfing.

Mikið safn muna er á grunnsýningunni og auk þess er ýmislegt dregið fram úr sögu Austurlands í myndum og máli. Sýningin mælist vel fyrir hjá erlendum gestum en nokkrar breytingar þarf að gera á henni á komandi ári til að halda henni lifandi og mæta óskum og þörfum safngesta

### Sérsýningar

### Útskurður á Austurlandi

Sérsýning Minjasafnsins á árinu 2013 snýst um útskurð en útskurður í tré er ein meginþjóðarlist íslenskrar menningar, frá því land byggðist. Austurland á marga útskorna dýrgripi og er þar þekktust Valþjófsstaðahurðin sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands en hún er í flokki merkustu fornminja landsins. Á Minjasafni Austurlands er varðveittur fjöldi útskorinna muna frá liðnum öldum. Elstu tímasettu gripirnir eru frá því á sautjándu öld og þeir yngstu frá síðari hluta þeirrar tuttugustu. Sérstök áhersla er lögð á að sýna breiddina í útskurði á Austurlandi, og hversu margbreytilegir hlutirnir eru sem skornir voru út. Sýningin mælist vel fyrir hjá erlendum ferðamönnum.

## Tröllasögur í Safnahúsi

Hluti af sumarsýningu Safnahússins sumarið 2013 var helgaður tröllum, og var markmiðið ekki hvað síst að tengja Safnahúsið við sitt safnsvæði með þessu móti. Á annarri og þriðju hæð voru tröllasögur í máli og myndum til sýnis og lestrar. Um var að ræða fjölbreyttar útgáfur af barnabókum um tröll og ýmsar hefðbundnari útgáfur þjóðsagna. Tröllabókasýning var á ganginum framan við bókasafnið og til prýðis á sýningunni voru austfirskir skrautsteinar. Inni á bókasafninu gafst gestum tækifæri til að blaða í ýmsum tröllasögum.

Á fyrstu hæð hússins var sérstæð ljósmyndaröð til sýnis. Um var að ræða ljósmyndir eftir Sólveigu Björnsdóttur bónda í Laufási í Hjaltastaðapínghá á Fljótsdalshéraði. Hún samdi einnig myndatextann í þessari persónulegu og skemmtilegu ljósmyndaröð. Myndirnar tók Sólveig á ferðum sínum um sína heimasveit og víðar á Austurlandi og sýna þær klettamyndanir sem hæglega er hægt að sjá fyrir sér að séu útlínur nátttrölla sem hafa dagað uppi að morgni svo þeirra örlög urðu að standa steinrunninn í landslaginu til eilífðarnóns.

Sólveig tekur ekki aðeins ljósmyndir af tröllslegum formum í landlaginu heldur bauð hún upp á dagskrá sumar 2013 sem fól í sér í sér gönguferð með leiðsögn um tröllaslóðir á Úthéraði, og tengdi hún þannig saman náttúruskoðun og miðlun þjóðsagnaarfsins á Austurlandi.

## Menningararf Austurlands heim í hérað?

Safnstjóri Minjasafnsins átti ágætt samstarf við Þjóðminjasafns Íslands á árinu og hluti þeirrar umræðu sem átti sér stað var möguleiki á að fá gripi af Austurlandi sem eru í vörslu Þjóðminjasafnsins austur til sýningar á Minjasafninu, til lengri eða skemmri tíma. Ýmsir kostir eru í því máli en stefna Minjasafnsins er að vinna að því að fá til sýningar muni úr fornleifafundinum á Vestdalsheiði sem kallast einu nafni Fjallkonan, en einnig aðra gripi, jarðfundna á Austurlandi og aðra sem tengjast sögu fjórðungsins. Umræða um þau mál milli Minjasafns og Þjóðminjasafns hafa einvörðungu verið á jákvæðum og faglegum nótum því að ef réttar aðstæður eru fyrir hendi í sýningarrými húsnaðis hjá Minjasafninu þá er líklegt að til slíkra sýningaverkefna komi. Útlán fornmana þarfnast mikils og vandaðs undirbúnings og góðra aðstæðna þess safns sem fær gripina að láni, enda mikið í húfi að ekki verði skemmdir á dýrmætum menningarverðmætum. Minjasafnið mun áfram vinna að stefnumótun og faglegum úrlausnum til að geta fengið til láns og sýnis fornar gersemar Austurlands.

## Samstarf

### Ráðstefnur, námskeið og fundir

Fjárþröng safnsins á árinu gerði það að verkum að ekki var hægt að senda alla starfsmenn á viðburði eða málþing en safnstjóri fór þar eð þetta er fyrsta starfsárið mitt og nauðsynlegt að taka þátt upp að vissu marki þess vegna. Ég sem safnstjóri bý svo vel að eiga heimili í Reykjavík þannig að enginn hótélkostnaður verður af ferðum mínum til Reykjavíkur. Ráðstefnur/námskeið/fundir sem ég sótti voru:

- Vorþing Þjóðminjasafns, í apríl 2014.
- Sumarháskóli í safnfræðslu, um mánaðarmót ágúst september á Hrafnseyri við Arnarfjörð.
- Farskóli safnamanna í Reykjavík í sept. 2013.
- Aðalfundur Ferðamálasamtaka Íslands, Eskifirði 2. maí 2013.



## Erlent samstarf og fundir

Frá Noregi komu til Austurlands dagana 15.-17. apríl góðir gestir og kunnugir á þessum slóðum í kjölfar samstarfs Austurlands með Vestur-Noregi á sviði safna- og menningarmála, nánar tiltekið þeir Erik Bugge, verkefnisstjóri Menningarráðs Vesterålen í Noregi og Geir Are Johansen, forstöðumaður Museum Nord. Þeir funduðu með ýmsum aðilum, þ. á m. með safnstjóra Minjasafns Austurlands um fleti á því að stofna til áframhaldandi samstarfs milli landanna og nú með söfnum á Norðausturlandi líka. Niðurstaða heimsóknarinnar var að efla slíkt samstarf og finna til þess leiðir og verkefni, og er fyrsta skrefið hjá fulltrúum Noregs í því sambandi að bjóða fulltrúum safna á Austur- og Norðausturlandi til Vestur-Noregs í september 2014 á ráðstefnu og í skoðunarferðir. Fjáröflun íslenskra aðila í verkefninu fyrir ferðinni hófst í desember 2013 með styrkumsóknum til safnaráðs. Noregsför okkar héðan frá Íslandi ræðst af því hvort hægt verður að fá styrki til fararinnar.

## Snorraverkefnið

Aðstandendur Snorraverkefnis höfðu samband við Minjasafnið vorið 2013 og leituðu eftir að safnið tæki unga manneskju á vegum verkefnisins í einhver störf á meðan á dvöl viðkomandi á Austurlandi stæði. Emily Payne, kanadísk stúlka af íslenskum ættum starfaði sem sjálfboðaliði hjá Minjasafninu í rúmar 3 vikur á vegum Snorraverkefnisins. Hún lagði safninu lið við gerð ensks texta fyrir grunnsýningu safnsins og vann auk þess að skönnun aðfangaspjaldskrár. Safnstjóri lagði sitt af mörkum til að gera dvöl hennar fjölbreytta, og var t.d. farið eftir vinnu á safninu í ferðalag um Fjarðabyggð, allt til Norðfjarðar, og einnig á Borgarfjörð eystri.

## Stjórnarþátttaka

Safnstjóri Minjasafnsins átti sæti í stjórn Skriðuklaustursrannsóknna, sem lét af störfum í lok árslok 2013, enda verkefni stjórnar þá lokið.

Safnstjóri Minjasafns var kosinn til tveggja ára sem varamaður í stjórn Félags íslenskra safnamanna (FÍSOS) á aðalfundi félagsins sem haldinn var í Reykjavík samhliða Farskóla safnamanna í september 2013.

## Samstarfsverkefni

### Ljósmyndasafn Austurlands

Ljósmyndasafn Austurlands hefur verið í góðu samstarfi við Minjasafn Austurlands eins og undanfarin ár en Minjasafnið veitir fé til reksturs ljósmyndasafnsins að einum þriðja.

### Ljóðabærinn Egilsstaðir

Fyrir nokkrum árum var byrjað að setja ljóðabrot á nokkrum stöðum á veggum bæjarins. Hefur sveitarfélagið ákveðið að halda áfram með það verkefni og styrkja það með árlegu framlagi. Safnahúsið sendir einn fulltrúa fyrir sig á fund með mennta- og menningarmálafulltrúa sveitarfélagsins og fulltrúa íbúa. Að þessu sinni tók safnstjóri Minjasafnsins að sér að vera fulltrúi Safnahússins. Ljóðabemað var „árstíðir“ og var ákveðið að fá fulltrúa nokkurra kynslóða til að leggja til ljóð í verkefnið.

## Samningar

- Samstarfsamningi við Breiðdalssetur var sagt upp í samráði við fulltrúa setursins, enda svo komið að samningurinn var ekki hagstæður, hvorki fyrir Minjasafnið eða Breiðdalssetur.
- Samningi um umsjón með Sómastaði var sagt upp með það fyrir augum að endurskoða samstarf Minjasafns, Safnastofnunar Fjarðabyggðar og Þjóðminjasafns varðandi Sómastaði. Reynslan sýndi að rétt væri að endurskoða ákvæði samningsins um fjárhagslega ábyrgð á viðgerðum á húsinu og viðhald þess. Samningurinn rann út 31. des. 2013 en stefnan er að gera nýjan endurskoðaðan samning á árinu 2014.
- Samningur um Ferguson. Gerður var samningur við Hlyn Bragason um að taka til eignar Fergusontraktor frá Helgafelli, með skilmálum um viðgerð og viðhald og aðgang safnsins að vélinni til sýninga.

## Gestafjöldi og heimsóknir

Ýmsir nýttu sér safnið á árinu til fræðslu og upplýsinga, bæði skólahópar og einstaklingar, eða þá sem sviðsmynd undir tiltekin verkefni, bæði leikþætti og auglýsingamyndir. T.d. var baðstofan nýtt undir upptöku á kynningarmyndbandi um Austurland, og fyrir þorrablótsatriði, og „kirkjan“ í grunnsýningunni var leikmynd í uppsetningu nemendahóps sem vann að verkefni fyrir „List án landamæra“.

Nokkrir aðilar leituðu til safnsins vegna eigin rannsókna, á sviði þjóðfræði, fornleifa og þjóðháttá. Þar má nefna að Hannes Lárusson heimsótti safnið til að skoða Brekkubaðstofuna og mæla, í sambandi við starf „Íslenska torfbæjarins“ sem hann og fleiri standa að og Sólveig G. Beck rannsakaði, mældi og myndaði alla kvarnarsteinina í vörslu safnsins í tengslum við rannsókn sína á íslenskum kvarnarsteinum.

Taldir innlendir og erlendir gestir sem komu á safnið á árinu voru í kringum áttahundruð. Hluti þess gestafjölda, í kringum 200 manns kom á safnið á dögum þegar aðgangur var ókeypis, annars vegar á 17. júní og hins vegar á safnadaginn. Einnig komu hópar sem sömdu um að fá í þágu góðs málefnis að skoða safnið án þess að greiða aðgangseyri, annars vegar hópur erlendra ungmenna á vegum Lionsklúbbsins Múla, sem hér dvaldi í sumarhúðum og hins vegar hópur innlendra og erlendra gesta á vegum Comenius verkefnisins, en Comenius styrkir evrópsk samstarfsverkefni skóla, nemendaskipti, endurmenntun kennara, starfsþjálfun kennaranema og námsefnisgerð, eins og það er orðað á heimasíðu verkefnisins.

Ljóst er að Minjasafnið þarf að sækja á varðandi að fá fjármuni til viðburðahalds og sýninga sem draga að sér gesti. Söfn keppa við aðra afþreyingu um athygli ferðamanna á sumrin og veðurfar hefur líka sitt að segja um aðsókn á söfn. Sumarið er tími útivistar og náttúruskoðunar og þann þátt þarf að skoða í samhengi við aðsókn að söfnum. Eindæma veðurbliða var á Austurlandi sumarið 2013 og það sá á á lítilli aðsókn á safnið, eins og sást samhliða af því að gestir voru alltaf allnokkrir á rigningardögum og ef svalt var í veðri.

## Stjórnarfundir

Á árinu 2013 voru haldnir 3 stjórnarfundir, aðalfundur að vori, þar sem lagður var fram ársreikningur og ársskýrsla 2012, og tveir fundir síðla árs, annars vegar til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir 2013 og hins vegar til að taka afstöðu til erindis til stjórnar um afstöðu til að eignarhald Safnahússins færi til Fljótsdalshéraðs, skv. framlögðum tillögum um skilmála sölu og leigu.

Í stjórn Minjasafnsins sitja Sigurjón Bjarnason (stjórnarformaður), Baldur Grétarsson og Gunnhildur Ingvarsdóttir, öll fyrir Fljótsdalshérað, Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjörð eystri og Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótdalshrepp. Varamenn eru Þorgeir Arason og Margrét Dögg Guðgeirsdóttir fyrir Fljótsdalshérað, Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp og Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjörð eystri. Fundargerðir stjórnar frá árinu, og eldri fundargerðir, má nálgast á heimasíðu Minjasafnsins á [minjasafn.is](http://minjasafn.is), undir tenglinum á útgefið efni.

## Afhendingar

Afhendingar á safnið á árinu voru af ýmsu tagi og tekið var við 36 munum. Þetta eru flest allt hlutir í smærri kantinum, frá fyrri hluta 20. aldar. Stærsti gripurinn sem safnið tók við er orgel sem var í Hjaltastaðakirkju í Hjaltastaðahá, og kom þangað á síðasta áratug 19. aldar en hafði verið varðveitt annarstaðar frá tíunda áratug síðustu aldar og til þessa árs að það var afhent á safnið. Orgelið er mikið skemmt og þarfnast viðgerðar. Meðal persónulegra muna sem bærust var útskorinn göngustafur gerður af Ríkharði Jónssyni myndskera og gefinn Sigfúsi Jónssyni á Bessastöðum í Fljótsdal af sveitungum hans í tilefni sextugsafmæli Sigfúsar. Stafurinn er svartur en handfangið sem er útskorinn hrútshaus er viðarlitað. Einnig var safninu afhent mjög falleg og haglega gerð víravirkisnæla úr silfri. Þessa nælu gerði Erlingur Filippusson grasalæknir bóndi og silfursmiður en hann lærði silfursmiði af föður sínum Filippusi Stefánssyni í Kálfafellskoti. Stafurinn og nælan eru meðal þeirra muna í vörslu Minjasafnsins sem nú er hægt að skoða á vefnum í Sarpi, og einnig eru báðir þessir gripir til sýnis í sýningarsal safnsins. Upplýsingar um alla gripi sem voru afhentir á Minjasafnið árið 2013 er hægt að nálgast á vefnum á [sarpur.is](http://sarpur.is)

Minjasafnið á orðið í miklum erfiðleikum með að taka við munum vegna plássleysis. Staðan í árslok er strangt til tekið sú að safnið getur ekki tekið við neinu, hvorki smáu né stóru.

## Bókakaup og bókaþjóf til safnsins

Minjasafnið sinnir rannsóknastarfi og hluti þess rannsóknarstarfs fer sjálfkrafa fram hjá safnvörðum í vinnu þeirra við að skrá safngripi, uppruna þeirra, gerð og sögu. Minjasafnið þarf því að búa að góðu fræði- og handbókasafni til nota innan safnsins. Bækur keyptar á árinu 2013 voru: *Silfur í Þjóðminjasafni, Kirkjur Íslands; friðaðar kirkjur í Austfjarðaprófastsdæmi, Í spor Jóns lærða, Frá hestum til hestafla, Faldar og skart, Sýnisbók safnamanns*, og bókin *Sýningar*, sem er handbók um gerð sýninga. Safninu barst að gjöf frá höfundum dr. Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðingi bókin *Sagan af Klaustrinu á Skriðu*. Allt eru þetta mikilvæg rit á sviði íslenskra fræða og vísinda, sögu- og safnamála. Bækur safnsins eru handbókakostur til innanhússnota fyrir starfsmenn safnsins og ekki til útláns.